

**Tillaga** A 1954/UKK  
**Afgreiðsla** Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Nefndarálit um þingmannatillögu um norrænar aðgerðir til að hjálpa námsmönnum frá óstöðugum löndum

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að hún taki saman skýrslu og lýsingu á norsku áætluninni Students at risk, sem nýta má sem líkan fyrir innleiðingu álíka áætlunar í norrænu löndunum
- að hún kortleggi í samvinnu við samnorrænar rannsóknarstofnanir möguleika slíkrar áætlunar til að bjóða t.a.m. rannsóknarnemendum upp á öruggt rannsóknarumhverfi.
- að hún afhendi Norðurlandaráði greinargerð um álíka verkefni sem kunna að vera til staðar í norrænu löndunum
- að hún endurmeti sýn sína á verkefni sem snúa að námsfólki í hættu og tækifæri til að nota þetta líkan til að efla norræna vörumerkið í málefnum friðar og lýðræðis

### Bakgrunnsupplýsingar

Árið 2017 lagði flokkahópur miðjumanna fram þingmannatillögu um „Students at risk“, áætlun sem hefur verið innleidd í norskum háskólum í samstarfi milli norskra námsmannasamtaka og norska utanríkisráðuneytisins til að bjóða námsmönnum sem hafa verið útilokaðir frá menntastofnunum sínum vegna pólitískrar þátttöku þeirra upp á skólavist í Noregi. Norðurlandaráð kvað í kjölfarið á um eftirfarandi tilmæli: „Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að kanna hvort hægt sé að koma á áætlun til stuðnings námsfólki í hættu alls staðar á Norðurlöndum.“ Svar ráðherranefndarinnar er að þetta málefni snerti innanríkismál landanna.

Svar við skriflegri fyrirspurn til ráðherranefndarinnar var í grófum dráttum samhljóða. Að málefnið snerti innanríkismál landanna og skuli ekki tekið fyrir á norrænum vettvangi. Það þrátt fyrir að fyrirspurnin hafi í raun snúist um hver áhuginn væri fyrir málefniinu í hinum norrænu löndunum.

Það innihaldslausu svar sem Norðurlandaráði barst varpar upp nýjum spurningum í ljósi breyttra og mun alvarlegri aðstæðna í heiminum. Mikilvægi þess að lýðræðisleg lönd á borð við Norðurlöndin taki þátt í því að hjálpa ofsóttu námsfólki hefur aukist verulega.



Stríð Rússlands í Úkraínu hefur mjög áþreifanleg áhrif á nærumhverfi okkar og norræna hagsmunum. Málefnið nær einnig til aðstæðna stjórnarandstöðurnar í Rússlandi, sem og í Belarús. Einnig má nefna langtímaþátttöku Norðurlandanna í Afganistan í þessu samhengi, sérstaklega í ljósi þróunarinnar þar í landi síðustu ár.

Það er því rík ástæða fyrir ráðherranefndina að meta hvernig stuðla megi að því, með hina norsku „Students at risk“-áætlun sem fyrirmynd, að svipuð vinnubrögð verði tekin upp annars staðar á Norðurlöndum. Í ljósi þessa köllum við eftir frumkvæði sem leiðir í þessa átt.

Að lokum má taka fram að ráðherranefndin upplýsti síðast í desember 2022 Norðurlandaráð um alþjóðlegar aðgerðir sínar. Að okkar mati myndi „Students at risk“ falla mjög vel inn í það mikilvæga starf. Nefndin telur því að ekki hefði átt að afgangið fyrri tillögu okkar með svo léttvægum hætti sem innanríkismál. Lýðræðisþróun í nágrannalöndum okkar er ekki aðeins málefni sem snertir einstök aðildarríki, heldur einnig Norðurlönd í heild sinni.

## Sjónarmið nefndarinnar

Meirihluti fulltrúa nefndarinnar styður tillögu flokkahóps miðjumanna um norrænar aðgerðir til að hjálpa námsmönnum frá löndum þar sem óstöðugleiki ríkir.

Menntun skiptir sköpum í vernd lýðræðis og mannréttinda og norska áætlunin „Students at risk“ gefur námsmönnum sem eru eða eiga hættu á að verða ofsóttir vegna skoðana sinna tækifæri til að ljúka námi sínu við norska háskóla.

Í mati sem var gert árið 2020 var mælt með því að áætluninni skyldi haldið áfram. Niðurstöður matsins var að áætlunin uppfylli markmiðið um að koma auga á námsmenn sem hefur formlega séð eða í reynd verið meinað að ljúka námi sínu vegna aktívisma. Flestir námsmenn sem hafa tekið þátt í áætluninni luku menntun sinni í Noregi og hafa með því, einnig að þeirra eigin sögn, eftir hlutverk sín sem áhrifavaldar í þágu mannréttinda og tjáningarfrelsis í heimalöndum sínum.

Í matinu er vakin athygli á þeirri staðreynd að ekki allir nemendur snúa aftur heimalanda sinna að loknu námi (um 50% árið 2020), sem þeir ættu að vera hvattir til að gera samkvæmt leiðbeiningum áætlunarinnar. Sumir snúa aftur, sumir fá vinnu í Noregi, aðrir sækja um hæli og aðrir fara annað. Í matinu kemur einnig fram að fyrir suma sé einfaldlega of hættulegt að snúa aftur til heimalandsins, en að það sé vel hægt að berjast fyrir mannréttindum og tjáningarfrelsi úr fjarlægð.

Brugðist hefur verið við þremur aðvinnsluverðum atriðum í matinu um óskýra verkaskiptingu og hlutverk í valferli námsmanna fyrir áætlunina. Betri samskipti og upplýsingar til þeirra sem annast tilnefningar hafa haft í för með sér að mun fleiri hinna tilnefndu eiga einnig rétt á að sækja sér æðri menntun í Noregi. Einnig hefur því verið



komið skýrt á framfæri til þeirra sem annast tilnefningar að það séu þeir sem beri ábyrgð á að meta hvort aktivismi umsækjenda þýði að þeir séu í hættu og muni ekki geta lokið náminu í heimalandinu.

Í matinu er einnig vakin athygli á þörf fyrir norrænt samstarf um áætlun á borð við „Students at risk“. Slíkt hefði verulega kosti og norrænt notagildi í för með sér. Kostnaður af móttöku myndi dreifast á þáttökulöndin, fleiri námsmenn gætu tekið þátt í áætluninni, framboð námskeiða á ensku og sem henta námsmönnum myndi aukast og norræna samstarfið yrði í fararbroddi að því er varðar stefnumótandi aðgerðir í þágu mannréttinda og tjáningarfrelsis í ólýðræðislegum löndum.

Í ljósi alls þessa telur meirihluti Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar að ástæða sé til að kanna forsendur fyrir stofnun „Students at risk“-áætlunar í öðrum norrænum löndum. Tillagan samræmist stefnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum sem mælir fyrir um að Norðurlandaráð skuli styðja lýðræðisöfl í einræðisríkjum. Tillagan stuðlar einnig að 4. markmiði heimsmarkmiðanna: Góðri menntun fyrir alla.

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

*Lars Mejern Larsson (S)*

*May Britt Lagesen (A)*

*Nina Fellman (S)*

*Per Husted (S)*

*Pinja Perholehto (sd)*

*Catarina Deremar (C)*

*Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Frfl)*

*Liz Mattsson (C)*

*Kathrine Kleveland (Sp)*

*John E. Weinerhall (M)*

*Marko Kilpi (saml)*

*Noora Fagerström (saml)*

*Ville Väyrynen (saml)*

*Veronika Honkasalo (vänst)*

*Freddy André Øvstegård (SV)*

*Marius Aron Nilsen (FrP)*

#### **FYRIRVARI**

Norrænt frelsi setur fyrirvara við ákvörðunina um að samþykkja nefndarálit um þingmannatillögu um *norrænar aðgerðir til að hjálpa námsmönnum frá óstöðugum löndum* og mælir með því að Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar vegna tillögunnar.

*Joakim Vigelius (saf)*

*Victoria Tiblom (SD)*